

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð

Borgartúni 14

105 REYKJAVÍK

Efni:

Hjólabrettafélag Reykjavíkur

Á fundi menningar, íþróttá- og tómsundaráðs 24. ágúst 2020 var lagt fram bréf Hjólabrettafélags Reykjavíkur vegna starfsemi á vegum félagsins, húsnæðismála og fjármála. Erindínu var vísað til umsagnar ÍTR og ÍBR.

Fyrir liggja áætlanir á vegum félagsins um fjölbreytta starfsemi, hugmyndir um leigu á húsnæði og annar rekstur.

Miðað við þessar áætlanir má gera ráð fyrir að rekstrarkostnaður félagsins geti numið um 30.0 mkr. á ári og að tekjur geti numið um 12.0 mkr. á ári sbr. áætlun félagsins (fsk)

Af rekstrargjöldum má áætla að húsaleigukostnaður á ári geti numið um 18.0 mkr.

Þá má gera ráð fyrir töluverðum stofnkostnaði við gerð hjólabrettapalla.

Nú eru hugmyndir um leigu á húsnæði á Miðbakka, alls 1500 m². Einnig eru hugmyndir um að fá afnot af hjólabrettapöllum sem eru á útivistarsvæði við höfnina og flytja inní húsnæðið ef af verður.

Þá má benda á að ÍTR greiði húsaleigu að upphæð 13.1 mkr. vegna Jaðars íþróttafélags við Dugguvogi. Starfsmenn á vegum Gufunesbæjar/Jaðars halda utan um starfsemi þegar opið er í húsinu. Annar kostnaðar er á vegum Jaðars. Auglýst opnun í Dugguvogi er kl. 16:00-21:00 virka daga og frá kl. 13:00 um helgar. Námskeið eru á laugardögum og sunnudögum f.h. og utan auglýsts opnunartíma á virkum dögum.

Samningur er við Jaðar til desember 2021.

Þá hafa verið uppi hugmyndir í stefnumótun og forgangsöröðun varðandi íþróttamál að finna húsnæði fyrir jaðaríþróttir.

Ómar Einarsson.

fsk. Bréf Hjólabrettafélagsins dags. 24. sept. 2020.
Bréf ÍBR.